

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd

Fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins nr. 118 var haldinn rafrænt þann 22. nóvember 2017. Guðmundur H. Einarsson, Árný Sigðurðardóttir og Þorsteinn Narfason tóku þátt í fundinum og ritaði Þorsteinn fundargerð.

Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2013 vegna athafnasvæðis við Sólheimakot. Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dagsett 13. nóvember 2017 þar sem óskað er umsagnar um lýsingu verkefnis og matslýsingar skipulagsáætlunar fyrir væntanlega breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 vegna nýs athafnasvæðis við Sólheimakot á Hólmsheiði.

Framkvæmastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins gerir eftirfarandi athugasemdir áður en hægt er að taka afstöðu til heimildar mögulegra framkvæmda:

Gera þarf grein fyrir aðkomuvegi að svæðinu frá stofnvegi. Ef um er að ræða nýja vegagerð þarf að gera grein fyrir hvernig sú framkvæmd fellur að vatnsvernd. Gera þarf grein fyrir mengunarvörnum vegna ofanvatns frá vegi.

Í umhverfisskýrslu þarf að taka fram að hvaða leiti mýrum er raskað vegna framkvæmdarinnar. Ef svo er þarf að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum.

Í töflu 5.1. er fjallað um umhverfisþætti vegna yfirborðsvatns og grunnvatns þar sem áhrifasvæði framkvæmdar er tengt við Fossvallaklif. Nauðsynlegt er að rýna betur í vatnafarslíkanið og skera úr um hvaða áhrifasvæðum vatnsverndar þessi framkvæmd tengist.

Minnt er á að í samræmi við grein 56. í samþykkt nr. 555/2015 um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins skulu aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skila inn áhættumati sem nær bæði til framkvæmda og reksturs áður en sótt er um starfsleyfi fyrir starfseminni.

Ekki kemur fram hvort að rekstur gagnavers þurfi varaafli. Ef gert er ráð fyrir varaafli þarf að gera grein fyrir því í áhættumati.

Þar sem staðsetning gagnavers er á öryggissvæði skv. gildandi vatnsvernd er mikilvægt að það verði hannað með tilliti til þess að yfirborðsvatn hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið svo sem með því að nýta blágrænar ofanvatnslausnir við hreinsun þess og efnisval í mannvirkjum taki tillit til þess.

Fleira var ekki tekið fyrir.